



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FORSETI ÍSLANDS TEKUR SÆTI Í STJÓRN SPECIAL OLYMPICS

Stjórn *Special Olympics* bauð nýverið forseta Íslands Ólafi Ragnari Grímssyni að taka sæti í stjórninni og hefur forsetinn ákveðið að þiggja það boð. Í fréttatilkynningu sem send var út frá höfuðstöðvum samtakanna í Washington í morgun er þessi ákvörðun tilkynnt. Forseti Íslands er fyrsti þjóðhöfðinginn sem boðið er að taka sæti í stjórninni. Öflug starfsemi á vegum *Special Olympics* fer fram reglulega um allan heim og eru samtökin nú talin með áhrifaríkustu íþrótta- og mannúðarhreyfingum í veröldinni.

Special Olympics voru stofnuð að frumkvæði Kennedy-fjölskyldunnar árið 1968 og hafði Eunice Kennedy Shriver, systir John F. Kennedy Bandaríkjaforseta, forystu í þeim efnunum. Fjölskylda hennar, þar á meðal Maria Shriver og eiginmaður hennar Arnold Schwarzenegger ríkisstjóri í Kaliforníu, hafa síðan gert samtökin að öflugri alþjóðlegri hreyfingu sem skipuleggur Heimsleika þroskaheftra og seinfærra í nafni *Special Olympics*. Á heimsleikana sem haldnir voru á Írlandi í fyrra komu þúsundir keppenda frá rúmlega 180 löndum.

Þátttaka Íslands í Heimsleikum þroskaheftra og seinfærra hefur verið skipulögð af Íþróttasambandi fatlaðra og fjöldi íslenskra keppenda tók þátt í leikunum á Írlandi og einnig þeim sem haldnir voru í Bandaríkjunum árið 1999.

Meðfylgjandi er fréttatilkynningin sem *Special Olympics* gáfu út í Washington í morgun. Nánari upplýsingar um *Special Olympics* fást m.a. á www.specialolympics.org og hjá Önnu Katrínu Vilhjálmsdóttur á skrifstofu Íþróttasambands fatlaðra og Sveini Áka Lúðvíkssyni formanni sambandsins.

19. april 2004